

AUGLÝSING

89

9. des.

um viðskiptasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Hinn 20. maí 1954 var undirritaður í Bonn viðskiptasamningur milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Gildistími samningsins er frá 1. júlí 1954 um óákveðinn tíma. Uppsagnarfrestur er þrjú mánuðir.

Samningnum fylgir viðbótarbókun um vörulista til eins árs.

Viðbótarsamkomulag um vörulista fyrir tímabilið 1. júlí 1955 til 30. júní 1956 var undirritað í Bonn hinn 30. júní 1955.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 9. desember 1955.

Kristinn Guðmundsson.

Magnús V. Magnússon.

FORSETA BRÉF

90

17. des.

um frestun á fundum Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 75. löggjafarþings, frá 17. desember 1955, enda verði þingið kvatt til framhaldsfunda eigi síðar en 5. janúar 1956.

Gjört í Reykjavík, 17. desember 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

91

24. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1956 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1956 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.